

snemma byrjað á því að að hana upp fágun og háttprýði. Alt fá frá dögum Karlamagnúsar og ofan til þessara tisma hefir verið um það sýslað. Í síðareglum Karlamagnúsar er heimtað meðal annars, að við máltsödir hendi menn ekki hnátum og beinum um gólf. Að breiddir sjeu dúkar á bekki og borð aður en gengið er til snæðings, að notaðar sjeu þrúgur til þess að ná legnum úr vínberjuinum, en þau sje ekki kreist í hendinni. Að við tilbúning mjólkur og ostu sje við haft hið mestu hreinlæti. En þetta er gáð byrjun og mikil, fram á 8. öld, og með jöfnu áframhaldi komið miklu til leiðar.

Alt hreinlæti hefir stundum verið nefnt tilhald og það sje meira gjört til þess að sýnast, og þeir sem sjeu með þess háttar nostur, sjeu vanalega óheilli en hinir, vegna þess að ekki sje eins ljett að sjá þá í gegn. Að slíkt geti ekki komið fyrir skal alls ekki neitað. En það er sfður en svo að það þurfi nauðsynlega að fylgjast að. En segjum að svo beri við. Langar þá nokkurn til þess að sjá hvernig þeir hinir sömu eru, ef þeir þurfa endilega að vera óhreinir til þess að birtasr í sinni sönnu mynd? Eiu ekki sára litlir kostir leiddir í ljós með því?

Þjóð vorri er margt vel gefið. Hún hefir borið sjálfri sjer þann vitnisburð að hún væri bezt mentuð allra þjóða. En í mentuninni skoðar hún að eins fólgjóð lestur skrift og reikning. Í því efni mun hún standa framarlega. En það er langt frá því að það eitt sje mentun. Hún er langt á eftir öllum bezt mentuðu þjóðunum í segurðarsmekk, og síðir hennar og háttsemi hafa stuðlað að því í margar kynslóðir að óskra heldur þann smekk en órfa hann. En hann er cinn meginþáttur mentunarinnar og menningarinnar.

Það er öllum inngefið meðal mannanna að finna til unnar yfir því sem er fagurt, en þar ráða tilfinninganaðmi og síðir, hvað hverjum þykir fagurt. Villimaðurinn er ekki lengra kominn en að dást að fjöldum og farsa. Glys og glit draga hann að sjer og heilla hann. Fegurðarsmekkur hans getur ekki greint á milli þess sanna og ósanna. Svo er líka með þá sem litt þroskaðir eru í þeim efnum. Glys og glit draga til sín í stór hópum, þá sem óskýra hugmynd hafa um fegurðargildið.